

Sp. 450. Tillaga til þingsályktunar [272. mál]

um námskeið fyrir fatlaða í tölvufræðum.

Flm.: Helgi Seljan, Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir því að haldin verði námskeið fyrir fatlaða í meðferð og notkun á tölvum til að auðvelda fötludum að fá störf á vinnumarkaðnum. Félagsmálaráðuneytið standi fyrir þessum námskeiðum, viðkomandi að kostnaðarlausu.

Greinargerð.

Atvinnumál fatlaðra hafa oft verið til umræðu og ýmislegt hefur verið gert til að auðvelda atvinnuþátttöku þeirra, t. d. verndaðir vinnustaðir.

Einskis má hins vegar láta ófreistað til að auka þátttöku fatlaðra sem mest í atvinnulífinu, og þá alveg sér í lagi við þau störf sem mest eru við hæfi þeirra.

Tölvutækni og tölvunotkun ryðja sér æ meir til rúms í atvinnulífinu. Til starfa við tölvur þarf ákveðna þekkingu byggða á námi, en augljóst er að tölva sem vinnutæki hentar sérstaklega vel fötludum, m. a. hjólastólafólki. Fá störf munu þessu fólki þægilegri viðfangs, auk þess sem þau gefa betri tekjumöguleika en mörg önnur. Störf, sem lúta að tölvum og notkun þeirra, ná til æ fleiri þátta og svo mun verða enn frekar í náinni framtíð.

Fatlaðir þurfa að eiga kost námskeiða til þess að geta orðið hlutgengir til þessara starfa. Upp á slík námskeið þarf að bjóða fötludum, þeim að kostnaðarlausu, til örvunar og hvatningar til frekari atvinnuþátttöku, en fjárhagur fatlaðra almennt er slíkur að námskeið getur verið þeim ofviða fjárhagslega.

Félagsmálaráðuneytið er yfirstjórnandi þessa málaflokks skv. lögum og hlýtur að vera sá aðili sem tekur þetta að sér. Námskeiðahald af þessu tagi mundi skjótlega skila sér á margan veg til samfélagsins auk þeirra áhrifa sem það gæti haft á hagi og líf fatlaðra. Því er tillaga þessi flutt.